

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem fram koma lágmarksákvæði um ráðningarkjör og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum hverju sinni.

Hreppsnefnd ákveður með sérstökum samþykktum, hvaða störf skulu vera talin föst hjá sveitarfélaginu og fyrirtækjum þess, auk þeirra starfa sem samkvæmt lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

Um kaup og kjör lausráðinna starfsmanna fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Bessastaðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum í maí 1998. Þó skal 1. gr. samþykktarinnar taka gildi nú þegar þannig að í sveitarstjórnarkosningum í maí 1998 verði kjörnir 7 aðalmenn í hreppsnefnd Bessastaðahrepps. Við gildistöku samþykktar þessarar fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Bessastaðahrepps nr. 244/1990 og samþykkt nr. 354/1994 um breytingu á þeirri samþykkt.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. mars 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Borgarness.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Borgarness er taki gildi 1. mars 1998.

Gjaldskrá Hitaveitu Borgarness nr. 475 21. júlí 1997, 3. gr. verður þannig:

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- a) Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 66,82 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- b) Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 89,03 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- c) Gjald vegna vatnsnotkunar íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi skal vera 50% af gjaldskrá, a-lið.
Gjald leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

Iðnaðarráðuneytinu, 30. mars 1998.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarnan.